

Þriðjudaginn 7. júní 1988.

Nr. 130/1988. **Alma Hansen**
vegna Tónlistarskóla Vesturbæjar
gegn
borgaryfirvöldum Reykjavíkur.

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í fógætarétti Reykjavíkur 22. júní 1987 af Ólafi Sigurgeirssyni aðalfulltrúa yfirborgarfógeta. Sóknaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar með bréfi 6. júlí 1987. Með bréfi Hæstaréttar 17. september 1987 var erindi sóknaraðila framsent yfirborgarfógetanum í Reykjavík og lagt fyrir hann að kynna gagnaðila framkomna kæru og senda síðan kærumálgögn til Hæstaréttar með venjulegum hætti. Þau gögn voru ekki send fyrir en 3. maí 1988, sem bærust Hæstarétti 9. s.m. Ber að átelja drátt þennan harðlega.

Skilja verður kærana svo, að þess sé krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógæta að framkvæma hina umbednu innsetningargerð með dagsektum ákvörðuðum af Hæstarétti frá uppkvaðningu fógætaúrskurðar til þess dags, sem skólanefndarmaður verði tilnefndur, auk þess sem krafist er ríflegrar „bóknunargreiðslu“.

Frá varnaraðilum hefur ekki borist greinargerð.

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 22. júní 1987.

Með bréfi dagsettu 30. apríl hefur Alma E. Hansen vegna Tónlistarskóla Vesturbæjar krafist innsetningar hjá borgaryfirvöldum Reykjavíkur á skólaneftndarmanni eftir lagaskilyldu 2. mgr. 2. gr. 1. 23/5 nr. 22/1975, sbr. reglugerð B. 425 frá 24/10 1984 og borgaryfirvöld verði beitt dagsektum eftir væntanlegum úrskurði fógætaréttar til tilnefningardags stjórnar-meðlimsins.

Kröfugerð þessi er á þann veg, að útilokað verður að telja, að fógætaréttur eða almennur dómstóll í héraði geti tekið afstöðu til hennar, þar sem lagaskilyrði skortir og er því ekki hægt að verða við fram kominni beiðni um innsetningu.

Málskostnaðarkröfur hafa ekki verið gerðar og fellur hann því niður.

Þvi úrskurðast:

Umbedin gerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.